



Ásgerður Búadóttir við verk sitt Norðrið. Mynd: Jim

Efnið þarf að vera réttur tjáningarmiðill

Ásgerður Búadóttir sýnir í Gallerí Borg

Efnið er ekki aðalatriði, heldur hvernig það er notað til túlkunar hugmynda, til myndsköpunar. Ullin er fyrir mér það efni og sá miðill sem oliulitir eru málaranum eða steinninn myndhöggvaranum. Hugmyndir og áhrif felli ég að eðli vefsins – á óhlutbundinn hátt.

Ásgerður Búadóttir er ekki margorð um list sína, en í sýningarskránni frá Gallerí Borg orðar hún eins og að ofan greinir það sem henni finnst skipta meginmáli.

Þegar við komum inn á Gallerí Borg voru hún og Gísli B. Björnsson að hengja upp stóra verkið sem hún kallar Norðrið og sést með henni á myndinni. Það er í bláum, blágráum og hvítum litum og minnir á fjöll sem ganga í sjó fram og hulin þoku hið efra. „Ég sé Esjuna út um gluggann minn,“ segir Ásgerður.

Öll verkin á sýningunni eru bein eða óbein náttúruáhrif. „Ég held að enginn sem býr hér á landi komist hjá öðru. Formið eða myndbyggingin er þó aðalatriðið í mínum verkum. Það eru nokkur verk sem ég kalla Ögur-stund og má segja að séu bein áhrif frá göngu okkar hjónanna í fyrravor með sjónum úti við Gróttu. Allt var svo kyrrt og ljósblátt. Svona koma oft hugmyndirnar.“

Ég fór þessa hefðbundnu leið myndlistarmannsins og byrjaði í Handiðaskólanum eins og hann hét þá. Þar teiknuðum við mikið, teiknuðum módel endalaust. Þaðan fór ég á Listaakademíu í Kaupmannahöfn og þar var tekið til við að mála. Ég var nú ekki alveg viss um hvernig framhaldið yrði hjá mér seinna. Það var ýmislegt að breytast á þeim árum þarna úti, og meðal annars sá ég sýningar á ofnum myndverkum sem hreyfðu við mér.

Annars er þetta kannski í síðasta sinn sem ég sýni! Síðan Gefjun og Álafossi var slegið saman hefur ekki verið unnið þetta band sem ég nota. Hvað verður síðar meir veit ég ekki. Maður verður þá kannski að fara að kaupa sér íslenska ull frá Kanada. Ég hef lesið um fjárbónda þar, íslenska konu sem er með íslenskt fé og ræktar ullina. Hér er bara talað um kjötið.

Ef ég fæ ekki lengur efnið sem ég þarf í vefinn þá fer ég kannski bara að mála aftur. Það er svo einkennilegt að margir halda að ekkert sé myndlist nema málverkið.

Það er ekki nóg að kunna að vefa, það þarf meira til. Maður verður ekki rithöfundur af að kunna á ritvél. Það sem skiptir máli er hið listræna gildi og að efnið sé hinn rétti tjáningarmiðill listamannsins.“

SA

Sykurmolum seinkar

Ákveðið hefur verið að seinka útkomu nýrrar plötu með Sykurmolum, en upphaflega var ráðgert að hún kæmi út í vor. Nú hefur útkomunni verið frestað til næsta hausts. Molarinn hafa unnið mikið efni á plötuna nú þegar og að sögn

þeirra sem heyrt hafa mun tónlistin mun betri og heilsteyptari en á plötunni Life is too good. Útgefendur og dreifingaraðilar eru sannfærðir um að nýja platan muni gera það mjög gott og seljast í mun stærra upplagi en fyrsta platan og verður ekkert til sparað að koma henni á framfæri. Lífið virðist því ætla að verða Sykurmolumum mjög gott, þótt það verði ekki of gott.

Kólabus

í Hafnarfirði

Ítölsk stjórnmöld hafa lengi keppt við Spánverja um heiðurinn af ferð Kólabusar til Ameríku. Árið 1992 eru 500 ár liðin frá því hinn ítalski Kólabus sté á land í Vesturheimi rækilega studdur til fararinnar af Isabellu drottningu Spánverja. Í tilefni þessara tímamóta hafa Ítalir komið upp myndarlegri plakatasýningu um ævi og ferðalög Kólabusar. Sýning þessi mun fara um allan heiminn og m.a. verður hún sett upp í Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði nú í vor. Það er auðvitað engin tilviljun að sýningunni skuli valinn staður í Hafnarfirði, ekki eingöngu vegna þess að þar er Sjóminjasafn

Íslands, heldur líka vegna þess að þar sté Kólabus á land er hann kom til Íslands skömmu fyrir Vesturförina. Þar mun Kólabus hafa verið upplýstur um frækna ferð Leifs heppna Eiríkssonar til Vínlands og því ekki úr vegi að álykta að Gaflarar þess tíma hafi vísað Kólabusi veginn til Ameríku. Til að hafa allar staðreyndir á hreinu verður sett upp sýning um sögu og siglingar Leifs heppna samhliða Kólabusarsýningunni, þannig að hægt verður að hitta þá kappá báða fyrir í Hafnarfirði í vor.

Maturinn

endurskoðaður

Ríkisendurskoðun hefur verið mikið í fréttum undanfar-

id og skýrslur stofnunarinnar þar sem vakinn hefur verið athygli á brúðli, stjórnsýslu og óráðsú í hinum ýmsu ríkisstofnunum hafa vakið athygli. Eftirfarandi saga af starfsmönnum ríkisendurskoðunar vakti ekki síður athygli, þegar hún var sögð á fundi þeim sem heilbrigðisráðherra boðaði til í vikunni með forráðamönnum sjúkrahúsa í landinu, um niðurskurð og aðhald í rekstri. Þannig var, að starfsmenn Ríkisendurskoðunar komu í sjúkrahús á höfuðborgarsvæðinu til að kanna reksturinn. Þeir mættu snemma morguns og um hádegisbil bauð framkvæmdastjóri sjúkrahússins þeim í mat í mótuneyti spítalans. Eftirlitsmennirnir litu hvor á annan og spurðu svo sjúkrahússtjórnann: „Er ekki einhver almennilegur matsölustaður hér í bænum.“

IBIZA

Eyja lífsgleðinnar

SÓLARORKA OG SKRAUTLEGT MANNLÍF

Á hverju sumri streymir fólk á öllum aldri til Ibiza, nýtur hinnar einstöku veðurbliðu eyjarinnar og tekur þátt í fjölskrúðugu mannlífinu. Á Ibiza kann fólk að njóta lífsins til hins ýtrasta.

ORKUKLÚBBUR POLARIS – HEILSUBÓT Í SUMARLEYFINU

Sumarleyfið er kjörið tækifæri til þess að byggja upp sál og líkama. Orkuklúbbur Polaris er starfræktur í fyrsta sinn nú í sumar. Þar verða á dagskrá íþróttir og heilsurækt af öllu tagi og við allra hæfi. Leiðbeinendur eru þau Erla Rafnsdóttir og Magnús Teitsson. Ibiza er staðurinn fyrir allt það fólk sem vill hressa upp á líkamann og koma endurnýjað heim.

STÓRKOSTLEG BADSTRÖND SVALANDI HAFGOLA

Gististaðir Polaris eru allir staðsettir við sjóinn, á hinni rómuðu Bossaströnd – Playa d'en Bossa. Þar er allt til alls, veitingastaðir, diskótek, íðandi mannlíf, vatnsrennibrautir, stórkostleg líkamsræktaraðstaða og svalandi hafgola sem dregur úr mestu sumarhitunum.

Líttu inn hjá okkur og fæðu bækling með öllum nánari upplýsingum. Þú getur líka fengið skemmtilega kynningarmynd með þér heim.

POLARIS

FERÐASKRIFSTOFA
KIRKJUTORG 4 SÍMI 622 011

Opið á sunnud.
frá kl. 1-5

VISA farkort til ferðalagsins.

